# Umbótaáætlun - Áætlun um sjálfsmat í Njarðvíkurskóla 2013-2016

Við sjálfsmat í Njarðvíkurskóla er notast við sjálfsmatsáætlun skólans. Í áætlun um sjálfsmat Njarðvíkurskóla kemur fram að viðmið við matið er stefna og sýn skólans ásamt skólastefnu Reykjanesbæjar og eftirtaldar matsspurningar eru settar fram:

1. Hefur skólinn skýra sýn og styrka stjórnun?
2. Eru kennsluaðferðir og mat á námi líkleg til að mæta ólíkum einstaklingum og bæta stöðugt framfarir?
3. Ríkir góður starfsandi innan skólans að mati starfsmanna og nemenda, þ.m.t. samskipti líðan og umhverfi?
4. Fá foreldrar stöðugt upplýsingar um stöðu nemenda og skólastarfið almennt og finna þeir sig velkomna í skólann?

Áfram verður unnið með þessi viðmið í sjálfsmati Njarðvíkurskóla. Verður unnið að umbótum að grundvelli niðurstaðna sem fram komu í sjálfsmatsskýrslu skólans og sérstaklega skoðaðir styrk- og veikleikar og skoðaðar leiðir til að efla skólastarfið. Til að halda utan um það umbótastarf hefur verið gerð áætlun um sjálfsmat í Njarðvíkurskóla til skólaársins 2014-2016.

# Áætlun 2013-2016:

| Tími | Viðfangsefni | Aðferð | Nánar | Hver/skil |
|---|---|---|---|---|
| Ágúst | Gerð námsáætlana í öllum árgöngum | Yfirlestur, tengsl við námsmarkmið og námskrá skoðuð og nýtt námsefni. | Eldri námsáætlanir hafðar til hliðsjónar. Sýn og stefna skólans höfð til viðmiðunar. | Deildastjórar hafa yfirumsjón. Kynnt fyrir foreldrum á námsefniskynningu og aðgengilegar á heimasíðu skólans. |
| | PBS, kynning og mat | PBS: Hver er staðan, meta hvernig til hefur tekst og hvað má betur fara. Kynna fyrir nýjum starfsmönnum | PBS teymi skólans sér um. Niðurstöður þarfagreiningar frá sl. vori kynntar. | Teymisstjórar PBS hafa yfirumsjón með. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Ágúst/ Sept | Unnið að endurskoðun skólanámskrár og starfsáætlun skólans | Skólastjórnendur ásamt starfsfólki vinna að endurskoðun skólanámskrár og starfsáætlun. | Farið yfir skólanámskrá og starfsáætlun, metið hvað má laga og endurbæta | Aðstoðarskólastjóri hefur umsjón með vinnu við skólanámskrá og starfsáætlun. |
| Sept. | Foreldrasamvera haldin í öllum árgöngum<br><br>Skólapúlsinn<br><br>Samræmd próf í 4. 7. og 10. bekk. | Kennarar kynna viðfangsefni vetrarins fyrir foreldrum.<br><br>Upplýsingar aflað 4 sinnum á ári með úrtaki nemenda í 6.-10. bekk. Allir nemendur í 6.-10. bekk taka könnunina en á mismundi tíma yfir skólaárið.<br><br>Stjórnendur og kennarar 4. 7. og 10. bekkja yfir fara yfir niðurstöður og skoða sérstaklega veika og sterka þætti og framfarastuðul hjá nemendum í 7. og 10. bekk. | Kynnt er námsefni og helstu áherslur í starfi vetrarins.<br><br>Upplýsingum aflað mánaðarlega í gegnum vefkerfi um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda.<br><br>Fræðslustjóri lætur gera samantekt á niðurstöðum samræmdra prófa. | Umsjónarkennarar sjá um framkvæmd.<br><br>Umsjón og framkvæmd er í höndum kennara í upplýsingatækni og skólastjórnar.<br><br>Skólastjórnendur taka niðurstöðurnar fyrir á fundum með kennurum og farið er yfir hvar veikleikar og styrkur nemendahópsins liggur. Skoðað er í hvaða námsþáttum þarf að gera úrbætur. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Sept./ okt. | Mat á skólanámskrá | Skólaráð fær skólanámskrána til yfirlestrar og umsagnar. | Skólastjórnendur fara yfir athugasemdir. | Skólastjórnendur kynna og senda til Fræðsluráðs. |
| | Leið til læsis | Lagt fyrir alla nemendur í 1. bekk til að greina stöðu þeirra í lestri | Deildastjóri yngra stigs sér um fyrirlögn ásamt umsjónarkennurum. | Foreldrum eru kynntar niðurstöður og þeir nemendur sem koma illa út fá einstaklingsáætlun til úrbóta. |
| | Skimunarpróf | Logos í 6. og 9. bekk, talnalykill í 3. og 6. bekk | Logos er skimun í leshraða og lesskilningi. Talnalykill er skimun í grunnþáttum stærðfræðinnar. | Kennsluráðgjafar frá FRÆ og sérkennarar leggja fyrir og skila til stjórnenda og umsjónarkennara. Þeir nemendur sem þurfa fá einstaklingsáætlun til úrbóta |
| | Matsdagur: Umsjónarkennari, foreldri og nemandi | Nemendur koma með foreldrum sínum til viðtals við umsjónarkennara | Farið yfir námstöðu og hegðun og líðan nemandans í skólanum Farið yfir hvort nemendur þurfa aukinn stuðning í námi eða sérfræðiaðstoð. | Umsjónakennarar halda utan um og skipuleggja. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Sept/ okt. | Könnun á hegðun og líðan á matsdegi<br><br>Mat á foreldradegi | Nemendur svara könnun heima með foreldri/um<br><br>Kennarar meta foreldradaginn á þar til gerð eyðublöðum | Skilað í foreldraviðtali<br><br>Koma upplýsingum til deildastjóra á viðeigandi matsblöðum / samantektarblöðum | Deildastjórar fara yfir og kynna kennurum niðurstöður<br><br>Deildastjórar vinna úr matinu, setja það upp og kynna niðurstöður fyrir starfsfólki skólans. |
| Des. | Yfirlitspróf | Nemendur taka yfirlitspróf í flestum bóklegum greinum | Deildastjórar hafa umsjón með námsmati í samvinnu við kennara | Vitnisburður kemur á einkunnarblaði í lok haustannar |
| Jan. | Matsdagur/Foreldradagur Umsjónarkennari, foreldri og nemandi<br><br>Viðhorfskönnun foreldra á foreldradegi | Nemendur koma með foreldrum sínum til viðtals við umsjónarkennara<br><br>Foreldrar nemenda í 3., 6. og 9. bekk taka könnunina | Farið yfir námslega stöðu nemandans að loknu haustannarmati og mat á lykilhæfni nemenda.<br><br>Könnunin er netkönnun þar sem foreldrar eru spurðir um helstu þætti er snúa að skólastarfinu. | Umsjónakennarar halda utan um og skipuleggja. Koma upplýsingum til stjórnenda.<br><br>Skólastjórnendur halda utan um og skipuleggja. Niðurstöður eru kynntar starfsfólki og settar á heimasíðu skólans. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | Mat á foreldradegi | Kennarar meta foreldradaginn á þar til gerð eyðublöð | Koma upplýsingum til deildastjóra á viðeigandi matsblöðum | Deildastjórar vinna úr matinu, setja það upp og kynna niðurstöður fyrir starfsfólki skólans. |
| | Skimunarpróf | Logos í 3. bekk, | Logos er skimun í leshraða og lesskilningi. | Kennsluráðgjafar frá FRÆ og sérkennarar leggja fyrir og skila til stjórnenda og umsjónarkennara. Þeir nemendur sem þurfa fá einstaklingsáætlun til úrbóta |
| | Vímuefnaneysla ungs fólks í Reykjanesbæ. | Rannsókn og greining gerir könnun á vímuefnaneyslu meðal nemenda í 8. 9. og 10. | Niðurstöður kynntar og farið yfir þær með foreldrum og starfsfólki skólans. | Skólastjóri heldur utan um niðurstöður. |
| | Hagir og líðan nemenda í 5. -7. bekk | Rannsókn og greining gerir könnun á högum og líðan nemenda í 5.-7. bekk. | | Skólastjóri heldur utan um niðurstöður. |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Feb. | Foreldrakönnun Skólapúlsins | Skólapúlsins sendir rafræna könnun á þá foreldra sem eru í úrtaki | Kannað eru í eftirfarandi þáttum: nám og kennsla, velferð nemenda, foreldrasamstarf og heimastuðningur. | Umsjón og framkvæmd er í höndum stjórnenda og kennara í upplýsingatækni. Niðurstöður kynntar bæði foreldrum og starfsfólki, nýttar til endurbóta fyrir skólastarf. |
| Feb./ mars | Starfsmannasamtöl | Skólastjóri og aðstoðarskólastjóri ræða við alla starfsmenn m.a um líðan í starfi, frammistöðu, verkskiptingu, óskir og væntingar til næsta skólaárs og óskir um endurmenntun. | Umræðupunktar út frá undirbúningshefti | Skólastjóri/aðstoðarskólastj. hafa umsjón með. |
| Mars | Starfsmannakönnun Skólapúlsins | Starfsfólk tekur þátt í starfsmannakönnun sem send er rafrænt | Kannaðir eru ýmsir þættir skólastarfsins | Niðurstöður kynntar starfsmönnum og nýttar til endurbóta fyrir skólastarfið. |
| | Endurmenntundaráætlun | Endurmenntunaráætlun starfsfólks uppfærð út frá | | Yfirumsjón hefur skólastjóri |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| | | áherslum skólans. Tekið er mið af óskum og ábendingum sem koma fram í starfsmannasamtölum | | |
| Mars/ apríl | Matsdagur/Foreldradagur<br><br>Mat á foreldradegi | Nemendur koma með foreldrum sínum til viðtals við umsjónarkennara<br><br>Kennarar meta foreldradaginn á þar til gerð eyðublöð | Farið yfir námslega stöðu nemandans í lok skólaárs, markmið fyrir næsta skólaár rædd<br><br>Koma upplýsingum til deildastjóra á viðeigandi matsblöðum | Umsjónakennarar halda utan um og skipuleggja. Koma upplýsingum til stjórnenda.<br><br>Deildastjórar vinna úr matinu, setja það upp og kynna niðurstöður fyrir starfsfólki skólans. |
| Apríl | Lesskimun í 2. bekk | Kennarar leggja fyrir nemendur í 2. bekk Læsi, lestrarskimun fyrir 2. bekk 2. hefti. | Prófið er lagt á svipuðum tíma fyrir alla nemendur í 2. bekk í Reykjanesbæ. | Umsjónakennarar fara yfir prófið og deildarstjóri setur niðurstöður upp í exelskjal og sendir til Fræðsluskrifstofu sem ber saman niðurstöður skólanna á svæðinu og við skólana á |

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Apríl | Þarfagreining PBS | Lögð fyrir allt starfsfólk skólans | Metur stöðu verkefnisins innan skólans | Stór-Reykjavíkursvæðinu. Einnig eru niðurstöður bornar saman við niðurstöður fyrri ára innan skólans.<br><br>PBS teymið vinnur úr svörum og metur styrkleika og veikleika verkefnisins |
| Maí | Yfirlitspróf | Nemendur taka yfirlitspróf í flestum bóklegum greinum | Deildastjórar hafa umsjón með námsmati í samvinnu við kennara | Niðurstöður færðar inn á Mentor |
| Júní | Námsmat<br><br><br>Kaffihúsafundur | Kennarar meta námslega stöðu nemenda.<br><br>Starfsfólki skipt í hópa og fara yfir hvað tókst vel og hvað mætti betur fara. Stuðst við viðmið og matsspurningar frá sjálfsmatsáætlun | <br><br><br>Stjórnendur ákveða spurningar sem á að ræða útfrá hugmyndum kennara og tekið er mið af sjálfsmatsáætlun skólans. | Vitnisburðablöð fara heim með nemendum.<br><br>Deildarstjórar taka saman niðurstöður umræðna og skólastjórn gerir áætlun um úrbætur í ljósi niðurstaðna. |

**Annað:**

Viðburðir í skólanum eru metnir jafnóðum og tillit tekið til þess þegar verið er að skipuleggja viðburði síðar. Dæmi um slíkt er: jólahátíð, árshátíð, íþróttadagur, öskudagsgleði, vorhátíð, þemadagar, Dagur íslenskrar tungu, gleðistundir á sal, kirkjuferðir og þegar farið er með nemendur í náms- og vettvangsferðir.

Ýmsir kennarar hafa eigið frumkvæði að því að meta kennsluna hjá sér, til að skoða hvað gengur vel og hvað mætti betur fara. Þeir skila skýrslu um það mat til skólastjóra.

**Lokaorð**

Ýmsar aðferðir eru notaðar við sjálfsmat Njarðvíkurskóla og er ferlinu fylgt eftir með því að gera fyrst áætlun um sjálfsmat, þá sjálfsmatsskýrslu og síðan áætlun til næstu þriggja ára. Í sjálfsmatskýrslunni er bent styrk- og veikleika og á leiðir til úrbóta og vera þær leiðir nánar útfærðar og verklag tilgreint í vinnu sjálfsmatsteymis skólans í lok hvers skólaárs.